

Efni: Minnisblað fyrir vöktun náttúruverndarsvæða 2022

Vöktun náttúruverndarsvæða skiptist í þrjár gerðir vaktanna sem náttúrustofan sinnti á árinu 2022. Það var vöktun á gróðri, skráning á jarðminjum og vöktun á fuglum.

Gróðursnið

Náttúrustofa Vestfjarða fékk úthlutað 13 vistgerðasniðum sem vitjað var árið 2023. Farið var á átta staði víðsvegar um Vestfirði frá 8-12 ágúst 2022. Greiningar voru gerðar af Hafdís Sturlaugsdóttir og Huldu Birnu Albertsdóttur, sem ritaði jafnframt minnisblaðið. Veður var að mestu milt en án sólar og stöku úði. Mislangt var að ganga að sniðunum og gat verið erfitt að nálgast flóasniðin vegna bleitu. Jarðvegssýnatökur tókust misvel, í mesta flóanum náðust stundum ekki nema lítil sýni. Jarðvegssýni voru þurrkuð við heimkomu á morgunblaði og síðan merkt í box og sent til Náttúrufræðistofnunar í lok september 2022.

Ekki voru miklar sjáanlegar breytingar á sniðum ef bornar eru saman myndir frá 2013 og 2022. Niðurstöður mælinga voru settar inn í gagnagrunn NÍ í október 2022.

Snið	Vistgerð	Staðsetning
VF-11	Gulstararflóavist	Kaldalón
VF-03	Runnamýravist L	Snæfjallahreppur hinn forni
VF-40-01	Starungsmýravist	Dýrafjörður
VF-40-02	Gulstararflóavist	Önundarfjörður
VF-65-02	Gulstararfitjavist	Önundarfjörður
VF-65-03	Gulstararfitjavist	Önundarfjörður
VF-06	Sjávarfitjungsvist	Önundarfjörður
VF-10-08	Sjávarfitjungsvist	Breiðafjörður
VF-65-06	Sjávarfitjungsvist	Breiðafjörður
VF-65-05	Sjávarfitjungsvist	Breiðafjörður
VF-65-05aa	Sjávarfitjungsvist	Breiðafjörður
VF-59-03	Sjávarfitjungsvist	Hafnarvaðall í Örlygshöfn
VF-41-09	Runnamýravist L	Bíldudalur

Jarðminjar

GPS hnit, myndir og frekari lýsing á hverjum stað er að finna inná NÍ monitoring gagnabankanum. Hægt er að nálgast myndir í hærri upplausn hjá NAVE.

Kaldalón nr 323

Athuganir fóru fram í sömu vettvangsferð og gróðurmælingar á Kaldalóni, þann 8. ágúst. Sigurlaug Sigurðardóttir sá um úttektina. Veður var milt, himinn að mestu skýjaður og stöku úði gekk yfir. Þar sem ekki gafst kostur á að staðsetja surtabrandinn var ákveðið að mynda svæðið sérstaklega vel. Dróna var flogið yfir og öll björg mynduð úr lofti og þeim deilt með Ingvari Atla Sigurðssyni hjá NÍ ásamt GPS hnitum fyrir líklega fundarstaði fyrir hans leiðangur seinna í mánuðinum.

Þrátt fyrir að ekki hafi fundist augljós surtarbrandur í Kaldalóni þá voru tekin niður GPS hnit af mögulegum surtarbrandi sem hægt verður að heimsækja aftur. Líklegasti staðurinn er

sennilega undir Einangurshamri, sem stemmir við upplýsingar frá heimamönnum eins og fram kemur í skjali frá Örnefnastofnun.

Þar sem ekki reyndist gerlegt að þvera ána Mórillu gafst ekki kostur á að leita bæði sunnan og norðan megin við ána. Þá var gengið norðan megin, að Einangurshamri, vegna upplýsinga frá heimamönnum.¹ Votubjörgum sunnan megin eins og skráð var í Náttúrufræðingi frá 1941².

Ef svæðið verður aftur heimsótt er mælt með að það verði gert að vori þegar minna er í ánni svo hægt sé að leita nær jökli og beggja vegna. Einnig væri gott að hafa uppá einstaklingum sem þekkja svæðið vel og geta veitt upplýsingar um þverun yfir ána, góðar gönguleiðir (sérstaklega norðan megin) og gætu þekkt staðsetningar á surtarbrandi. Þórður Halldórsson þekkir til að mynda svæðið sérstaklega vel.

Dýrafjörður nr 312

Óskýrar leiðbeiningar um svæðið og eftir að hafa skoðað fyrirbyggjandi gögn og þar sem lítill tími gafst var ákveðið að fara ekki á svæðið að þessu sinni.

Botn í Súgandafirð nr 315

Svæðið var heimsótt 3. ágúst og sáu Sigurlaug Sigurðardóttir og Babbiste Fatras um úttektina. Aðstræður voru góðar fyrir myndatöku. Margar myndir voru teknar af svæðinu, þar á meðal af gamla inngangi námunnar en ekki gafst kostur á að dróna vegna tæknilegra örðugleikar. Surtabrand er auðfundinn. Að það liggur gamall slóði frá veginum að námunni. Slóðinn er í lélegu ástandi og ekki viðráðanlegur bílum, en gangan tekur að mesta lagi 20 mínútur.

Svæðið er merkt inná kort í Bók frá Ingvari, Kort bls. 176

Auk þess er minnst á námuna í *Mineral Resources in Iceland: Coal Mining* á bls. 9.

Gil í Syðridal nr 316

Sigurlaug Sigurðardóttir, Hulda Birna Albertsdóttir, Sigurður Árnason og Babbiste Fatras sáu um úttektina. Þar sem þetta var fyrsta úttekt sumarsins var ákveðið að fjölmenna og samræma aðferðir við úttektir. Ní benti á Jarðfræðikort Guðmundar Kjartanssonar 1969, við erum ekki með það en náman er auðfundin og á merktri gönguleið. Tekur rétt tæpa klst að labba fram og til baka.

Við fundum surtabrand inni í námunni og mögulega í sprungu fyrir utan námu.

Tröllatunga í Tungudal nr 329

Guðfinna tók út svæðið, skráði gps punkt og tók myndir – allar upplýsingar eru að finna á monitoring gagnabanka NÍ.

Mókollsdalur í Strandasýslu nr 330

Guðfinna tók út svæðið, skráði gps punkt og tók myndir – allar upplýsingar eru að finna á monitoring gagnabanka NÍ.

Bær í Hrútafirði nr 331

Guðfinna Lára Hávarðardóttir kannaði svæðið en fann það ekki. Svæðið er þó vel þekkt og þarf sennilega að hafa uppi á heimamönnum til að fá leiðsögn um svæðið.

¹ Örnefnastofnun. Ármúli. Norður-Ísafjarðarsýsla Ármúli 1. Nauteyrahreppur.

² Náttúrufræðingurinn 1941. <https://timarit.is/page/4264922#page/n19/mode/2up>

Mófuglar

Mófuglatalningar fóru fram á 6 sniðum á Vestfjörðum. Við hvert snið voru 16 punktar taldir með 300 metra á milli. Talið var í 5 mínútur og fjarlægð hvers fugls frá talningapunkti mælt. Sniða val var samkvæmt Borgný Katrínardóttir, fuglafræðing hjá NÍ, áður en talningar fóru fram í júní 2022. NV01-1 (Kirkjubólisdalur við Dýrafjörð) var talið af Cristian Gallo þann 9 júní 2022, NV04-1 (Syðridalur við Bolungarvík) af Cristian Gallo þann 10 júní 2022, NV04-6 (Hamarsdalur við Ísafjarðardjúp) af Cristian Gallo þann 20 júní 2022, NV05-4 (Langidalur við Ísafjarðardjúp) af Cristian Gallo þann 18 júní 2022, NV09-3 (Arnkötludalur við Steingrímsfjörð) var talið af Sigurlaug Sigurðardóttir þann 8 júní 2022 og NV09-5 (Bæjarvötn á Bjarnarfjarðarhálsi) var talið af Cristian Gallo þann 8 júní 2022. Niðurstöður þessa talninga voru skilaðar til NÍ í gegn um forritið Natura Ísland fyrir þann 14 nóvember 2022.

Kv.

Sigurður H. Árnason

Sigurður Halldór Árnason, Forstöðumaður

